

GJALDSKRÁ
fyrir sorphirðu og sorpurðun í Hveragerðisbæ.

1. gr.

Almennt.

Gjöld fyrir sorphirðu og sorpurðun eru lögð á árlega og innheimt samhliða fasteignaskatti.

2. gr.

Gjald fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs.

Gjaldið er 42.000 kr. á hverja íbúðareiningu.

3. gr.

Aukatunnur.

Innheimtar eru 35.000 kr. fyrir hverja „gráa“ tunnu. „Grænar“ tunnur eru gjaldfrjálsar en ekki er miðað við fleiri en eina slíka aukatunnu við hverja íbúðareiningu.

4. gr.

Annað.

Gjaldskrá þessi er sett á grundvelli samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Hveragerði nr. 342/2010 og 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 með síðari breytingum um hollustuhætti og mengunarnarvarnir og öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur gjaldskrá um sorphirðu og sorpurðun í Hveragerðisbæ nr. 1587/2020 úr gildi. Þannig samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar við síðari umræðu þann 9. desember 2021.

Hveragerði, 9. desember 2021.

Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri.